

Tillaga til þingsályktunar

um innleiðingu lýðheilsumats í íslenska löggjöf.

Flm.: Jóhann Friðrik Friðriksson, Þórarinn Ingi Pétursson, Ingibjörg Isaksen, Líneik Anna Sævarsdóttir, Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, Gísli Rafn Ólafsson, Ásmundur Friðriksson, Jakob Frímagn Magnússon, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Elva Dögg Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að ljúka vinnu við að festa í sessi lýðheilsumat hér á landi. Sérfræðihópur verði skipaður með þátttöku fagráðuneyta, fræðasamfélags, sveitarfélaga og embættis landlæknis er leggi til leiðir sem tryggja rýni allra stjórnarfrumvarpa sem lögð eru fyrir Alþingi út frá áhrifum þeirra á heilsu þjóðarinnar. Hópurinn skal skila stöðuskýrslu sem kynnt verði Alþingi eigi síðar en 1. maí 2024.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður flutt á 153. löggjafarþingi (25. mál) og er endurflutt nær óbreytt. Þá bærust velferðarnefnd níu umsagnir og voru þær allar jákvæðar og var þar tekið undir mikilvægi þess að innleiða lýðheilsumat í íslenska löggjöf. Embætti landlæknis hvatti til í umsögn sinni að sveitarfélög ættu fulltrúa í sérfræðihópnum og hefðu tillögugreininni verið breytt til samræmis við það.

Flutningsmenn leggja til með tillögu þessari að fest verði í sessi lýðheilsumat hér á landi og lýðheilsa þannig gerð að föstum hluta stjórnáráðs. Lýðheilsumat er í senn áhrifarík og einföld aðgerð þar sem hægt er að leggja mat á bein og óbein áhrif stjórnáráðs á lífslíkur landsmanna hafa aukist verulega á síðustu áratugum og er aldursamsetning þjóðarinnar að taka breytingum. Þannig gerir mannfjöldaspá Hagstofunnar (desember 2020) ráð fyrir að 65 ára og eldri verði 20% mannfjöldans árið 2037 og yfir 25% árið 2064. Þetta þýðir að sífellt færri verða á vinnufærum aldri á bak við hvern 65 ára og eldri. Samhliða eykst byrði langvinnra sjúkdóma og ýmsar áskoranir eru fyrir liggjandi, m.a. vegna loftslagsbreytinga. Ef ekki er brugðist við þessari stöðu með markvissum hætti er ljóst að áhrif á kostnað og þjónustubörf í heilbrigðiskerfinu sem og öðrum kerfum aukast verulega og áhrif heilsuleysis leiða af sér verulega neikvæð áhrif á samfélagið í heild. Flutningsmenn telja því mikilvægt að innleiða lýðheilsumat til þess að bregðast við þeim áskorunum sem samfélagið stendur frammi fyrir vegna þessa.

Heilsu má greina niður í líkamlega, andlega og félagslega vellíðan. Einn megintilgangur stjórnvalda er að tryggja velsæld landsmanna m.a. út frá framangreindum þáttum. Stjórnvöld vinna að því markmiði með öllum þeim kerfum sem einkenna velferðarríki. Skipta má áhrifum á heilsu niður í fimm meginþætti og greinast þeir frá víðum áhrifum niður í sértæk áhrif: 1) áhrif löggjafar af hálfu stjórnvalda, 2) áhrif samfélagsins, 3) áhrif stofnana, 4) áhrif ýmissa hópa í samfélaginu og 5) persónulega þætti sem telja má til sértækra áhrifa. Út frá arðsemi og fyrirbyggjandi sannreynendum aðgerðum skilar löggjöf mestum heilsufarslegum ábata fyrir heildina. Út frá þeim rökum er afar mikilvægt að íslensk stjórnvöld meti áhrif lög-

gjafar á heilsu á sama hátt og áhrif löggjafar eru metin t.d. út frá jafnréttissjónarmiðum, umhverfisáhrifum, kostnaði og fleiri þáttum sem teljast áhersluatriði í íslensku samfélagi. Í þessu samhengi er sérstaklega vert að nefna umhverfismat en því ferli hefur verið settur skýr rammi með lögum. Tvær mismunandi leiðir eru farnar varðandi mat á áhrifum löggjafar sem nefndar eru hér að framan. Varðandi jafnréttissjónarmið hefur ríkisstjórn tekið þá ákvörðun að öll stjórnarfrumvörp skuli meta út frá áhrifum þeirra á jafnrétti kynjanna. Hins vegar liggur fyrir viðamikill lagarammi er snýr að umhverfismati og ljóst að löggjafinn telur mikilvægt að tryggja skýrt ferli varðandi þá greiningu, m.a. með þar til bætti stofnun, Umhverfisstofnun. Ekki er sérstaklega lagt til hér hvernig ákjósanlegast sé að tryggja lýðheilsumat stjórnvalda en nærtækast er að horfa til löggjafar og framkvæmdar í Finnlandi þar sem lagafrumvörp eru sérstaklega metin út frá áhrifum þeirra á lýðheilsu.

Lýðheilsa er þverfagleg enda tengjast nær allir helstu málaflokkar í daglegu lífi fólks heilsufarslegri útkomu þess. Í lýðheilsustefnu til 2030 er sérstaklega tekið fram að stjórnvöldum beri að hafa lýðheilsu að leiðarljósi við alla áætlanagerð og stefnumótun í heilbrigðismálum, félagsmálum, menntamálum, skipulags- og samgöngumálum, umhverfismálum, málum sem tengjast nýsköpun og vísindarannsóknum og skatta- og efnahagsmálum. Þá þurfi löggjöf að vera skýr og kveða afdráttarlaust á um hlutverk heilbrigðisstofnana, sveitarfélaga og annarra sem sinna lýðheilsustarfi. Þá segir að markmið lýðheilsustarfs þurfi að vera öllum ljós og upplýsingar um árangur þess aðgengilegar almenningi. Tilgangurinn er að skýra hlutverk og vinnu að bættri stjórnun og samhæfingu í lýðheilsustarfi.

Í ljósi þess að rannsóknir sýna að áhrif löggjafar á heilsu vega hve þyngst skiptir sköpum að tryggja kjörnum fulltrúum og almenningi bestu mögulegu upplýsingar um áhrif laga og reglugerða sem kunna að hafa áhrif á heilsu og heilsutengd lífsgæði. Um langt skeið hefur embætti landlæknis og einnig Alþjóðaheilbrigðisstofnunin ásamt Sameinuðu þjóðunum hvatt til innleiðingar á lýðheilsumati. Grundvöllur þess er fyrst og fremst aukið upplýsingagildi sem aftur skilar sér í betri ákvarðanatöku stjórnvalda. Framkvæmd lýðheilsumats er byggt á sannreyndum aðferðum og liggur til grundvallar fjöldi fræðigreina og leiða er tryggja vandaða úttekt. Embætti landlæknis býr nú þegar yfir mikilli þekkingu á sviði lýðheilsu og forvarna og því einsýnt að stofnunin komi að útfærslu á lýðheilsumati er snýr að löggjöf hér á landi.

Ef marka má umræðu og aðgerðir stjórnvalda á undanförunum árum má ætla að breið samstaða sé um að Ísland taki Finnland sér til fyrirmyndar og innleiði lýðheilsumat. Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra hefur einnig lagt mikla áherslu á málaflokkinn og helgaði Heilbrigðisþing 2022 lýðheilsu, heilsueflingu, forvörnum og heilsulæsi. Í drögum að aðgerðaáætlun um lýðheilsustefnu sem kynnt var á þinginu var innleiðing á lýðheilsumati ein af aðaláherslunum. Heilsa okkar er það dýrmatasta sem við eigum. Í tengslum við þróun á vel-sældarmælikvörðum var gerð könnun meðal landsmanna á því hvaða þáttur væri mikilvægastur fyrir lífsgæði og kom skýrt fram að landsmenn mátu heilsuna langmikilvægasta þáttinn.

Tillaga þessi um innleiðingu lýðheilsumats er auk þess í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem kveðið er á um aukna áherslu á lýðheilsu, forvarnir og geðheilbrigðismál. Með þingsályktunartillögu þessari er leitast við að tryggja faglega og gerlega útfærslu á lýðheilsumati hér á landi sem þátt í vegferð í átt að bættri heilsu og vellíðan landsmanna og komandi kynslóða.